

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. mars 2023.

**Efni: Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (afnám skerðinga ellilífeyris vegna atvinnutekna). 153. Löggjafarþing 2022-2023. Þingskjal 72 - 72. mál.**

Félagsráðgjafafélag Íslands þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (afnám skerðinga ellilífeyris vegna atvinnutekna). 153. Löggjafarþing 2022-2023. Þingskjal 72 - 72. mál. Fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að málið hafi áður verið flutt á 148., 149., 151. og 152. löggjafarþingi (64) mál en ekki fengið brautargengi. Í greinargerð með frumvarpinu kemur einnig fram að skerðingar á atvinnutekjum ellilífeyrisþega hafi sætt mikilli gagnrýni undanfarin ár og frítækjumarkið þótt of lágt og skerðingarhlutfall of hátt. Þá hafi eldra fólk bent á að það hafi þær afleiðingar að atvinnuþátttaka hefði takmörkuð áhrif á ráðstöfunartekjur.

Félagið vekur athygli á því að eldra fólk er fjölbreyttur hópur og ekki öll sem lifa við skort. Því er ekki hægt að styðja afnám skerðinga ellilífeyris vegna atvinnutekna frekar en annarra tekna. Afnám skerðinga felur í sér að öll, líka þau sem standa vel fjárhagslega eiga rétt á greiðslum almannatrygginga. Eldra fólk þarf ekki að fá greiðslur frá hinu opinbera eingöngu aldurs síns vegna. Það er hins vegar mikilvægt að ná samstöðu um það hver frítækjumörkin eiga að vera og skerðingarhlutfallið.

Félagsráðgjafafélag Íslands tekur undir það sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að áframhaldandi þátttaka á vinnumarkaði eykur möguleika eldra fólks á því að bæta kjör sín. Jafnframt að rannsóknir hafa sýnt fram á að þátttaka á vinnumarkaði og almenn virkni á efri árum stuðlar að betri heilsu, dregur úr einangrun og hefur almennt mikið félagslegt gildi. Félagslegur ávinningur atvinnuþátttöku er því ekki síður mikilvægur en fjárhagslegur ávinningur. Það er mikilvægt að stuðla að sveigjanlegum starfslokum og tryggja eldra fólk viðunandi lífeyri. Það sama á við um yngra fólk með skerta starfsgetu og að fólk á vinnumarkaði geti náð endum saman af launum sínum.

Félagið leggur áherslu á mikilvægi þess að draga úr skerðingum lífeyrirsgreiðslna vegna atvinnutekna til að auðvelda eldra fólk að bæta kjör sín og íta undir virkni. Félagsráðgjafafélag Íslands er tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,

f.h. Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann  
formaður

Umsögnin er unnin í samstarfi við Fagdeild félagsráðgjafa í öldrunarþjónustu.